

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 227/2024

2024/EES/92/46

frá 23. september 2024

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1949 frá 10. nóvember 2021 um meginreglur um mat á húsnæðisþjónustu í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/516 um samræmingu vergra þjóðartekna á markaðsvirði (reglugerð um vergar þjóðartekjur) og niðurfellingu ákvörðunar 95/309/EBE, KBE og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1722/2005 ⁽¹⁾.
- 2) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/1949 fellir niður reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1722/2005 ⁽²⁾, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott samkvæmt samningnum.
- 3) Reglugerð (ESB) 2019/516 gildir ekki gagnvart Liechtenstein, með skírskotun til ákvörðunar sameiginlegrar EES-nefndarinnar nr. 234/2020 frá 11. desember 2020.
- 4) XXI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 19u (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1722/2005) í XXI. viðauka við EES-samninginn:

„**32021 R 1949:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1949 frá 10. nóvember 2021 um meginreglur um mat á húsnæðisþjónustu í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/516 um samræmingu vergra þjóðartekna á markaðsvirði (reglugerð um vergar þjóðartekjur) og niðurfellingu ákvörðunar 95/309/EBE, KBE og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1722/2005 (Stjtið. ESB L 398, 11.11.2021, bls. 6).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2021/1949, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. september 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 398, 11.11.2021, bls. 6.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 276, 21.10.2005, bls. 5.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. september 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Anders H. Eide

formaður